

62 skuldbindingar vera háðar sömu skilyrð-  
5. júlí um og skilmálum.

10. Samkomulag er um, að samningar, sem gerðir kunna að verða í framhaldi af X. gr. 2. mgr., skuli vera háðir staðfestingu öldungadeildar (Senate) Bandaríkja Ameríku.

cognition as it has heretofore given to the compulsory jurisdiction of the International Court of Justice under Article 36 of the Statute of the Court.

10. It is understood that any agreements which might be arrived at pursuant to paragraph 2 of Article X would be subject to ratification by the Senate of the United States of America.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 5. júlí 1948.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

63  
5. júlí

## AUGLÝSING

**um nótuskipti milli Íslands og Bandaríkja Ameríku varðandi beztukjara-ákvæði.**

Hinn 3. júlí 1948 fóru fram eftirfarandi nótuskipti milli utanríkisráðherra Íslands og sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík:

Utanríkisráðuneytið,  
hinn 3. júlí 1948

American Legation  
Reykjavík, Iceland  
July 3, 1948

Háttvirtu sendiherra,

Ég leyfi mér að skírskota til viðræðna, sem nýlega hafa farið fram milli fulltrúa frá ríkisstjórnnum okkar beggja, viðvíkjandi umráðasvæðum, sem viðskiptasamningar milli Íslands og Bandaríkja Ameríku skulu ná til, og staðfesti, að samkvæmt þessum viðræðum hefur samkomulag náðst um eftirfarandi skilning:

1. Á meðan ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tekur þátt í hernámi eða gæzlu einhverra svæða í Vestur-Þýzkalandi, frírikinu Trieste, Japan eða Suður-Koreu mun ríkisstjórn Íslands láta ákvæðin um beztukjarameðferð fyrir framleiðsluvörur Bandaríkja Ameríku í viðskiptasamningi, sem gerður var hinn 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, ná til framleiðsluvara slíkra svæða, og á meðan Ísland og Bandaríki Ameríku kunna bæði að vera samningsaðilar að

Excellency:

I have the honour to refer to the conversations which have recently taken place between representatives of our two Governments relating to the territorial application of commercial arrangements between the United States of America and Iceland and to confirm the understanding reached as a result of these conversations as follows:

1. For such time as the Government of the United States of America participates in the occupation or control of any areas in western Germany, the free Territory of Trieste, Japan or southern Korea, the Government of Iceland will apply to the merchandise trade of such area the provisions relating to the most-favored-nation treatment of the merchandise trade of the United States of America set forth in the Trade Agreement between the United States of America and Iceland

hinum almenna samningi um tolla og viðskipti, sem gerður var hinn 30. október 1947, ákvæði þess samnings, er snerta beztukjarameðferð slíkra viðskipta, eins og þau eru nú eða verður síðar breytt.

Svo er til ætlazt, að loforð það, sem veitt er í þessari málsgrein um beitingu beztukjaraákvæða samkvæmt viðskipta-samningnum, sem gerður var hinn 27. ágúst 1943, skuli háð þeim undantekningum, sem viðurkenndar eru í hinum almenna samningi um tolla og viðskipti, þar sem heimilað er að víkja frá beitingu beztukjarameðferðar. Það er þó áskilið, að ekkert í þessum lið skuli skýrt þannig, að fylgja beri þeim aðferðum, sem tittleknar eru í almenna samningnum með tilliti til beitingar slíkra undantekninga.

2. Loforðið í 1. málsgrein hér að fram- an skal einungis ná til framleiðsluvara þeirra landsvæða, sem þar eru talin, jafn lengi og að svo miklu leyti, sem þessi landsvæði veita framleiðsluvörum Íslands gagnkvæma beztukjarameðferð.

3. Gengið er að loforðum þeim, sem nefnd eru í 1. og 2. málsgrein hér að fram- an af því að engar tollahömlur, sem raun- hæfar geti talizt, eða þýðingu hafa, eru nú til varðandi innflutning til landsvæða þeirra, sem hér er um að ræða. Nú verða slíkar tollahömlur settar, og skulu þá téð loforð ekki vera því til fyrirstöðu, að beitt verði meginreglum Havana sátt- málans um alþjóða viðskiptastofnun, varðandi lækkun tolla á gagnkvæmum hagstæðum grundvelli.

4. Það er viðurkennt, að vegna þess að sams konar gengi er ekki á landsvæðum Vestur-Þýzkalands, Japan eða Suður- Koreu, sem nefnd eru í 1. málsgrein, geti það haft þau áhrif að verðbæta óbeinlínis útflutning þessara landsvæða á þann hátt, sem erfitt getur orðið að reikna út nákvæmlega. Á meðan slíkt ástand ríkir, og ef ekki reynist unnt að leysa málið í sam-

signed August 27, 1943, or, for such time **63**  
as the Governments of the United States of America and Iceland may both be contracting parties to the General Agreement on Tariffs and Trade, dated October 30, 1947, the provisions of that Agreement, as now or hereafter amended, relating to the most-favored-nation treatment of such trade. It is understood that the undertaking in this paragraph relating to the application of the most-favored-nation provisions of the Trade Agreement signed August 27, 1943, shall be subject to the exceptions recognized in the General Agreement on Tariffs and Trade permitting departures from the application of most-favored-nation treatment; provided that nothing in this sentence shall be construed to require compliance with the procedures specified in the General Agreement with regard to the application of such exceptions.

2. The undertaking in point 1, above, will apply to the merchandise trade of any area referred to therein only for such time and to such extent as such area accords reciprocal most-favored-nation treatment to the merchandise trade of Iceland.

3. The undertakings in points 1 and 2, above, are entered into in the light of the absence at the present time of effective or significant tariff barriers to imports into the areas herein concerned. In the event that such tariff barriers are imposed, it is understood that such undertakings shall be without prejudice to the application of the principles set forth in the Havana Charter for an International Trade Organization relating to the reduction of tariffs on a mutually advantageous basis.

4. It is recognized that the absence of a uniform rate of exchange for the currency of the areas in western Germany, Japan or southern Korea referred to in point 1 above may have the effect of indirectly subsidizing the exports of such areas to an extent which it would be difficult to calculate exactly. So long as such a condition exists, and if consulta-

5. júli

**63** ráði við Bandaríki Ameríku, er litið svo  
5. júlí á, að það mundi ekki vera í ósamræmi við loforðið í 1. málsgrein, að ríkisstjórn Íslands leggi gjald á innflutning slíks varnings, er nemi áætlaðri fjárhæð slíkrar verðuppbótar, og þar sem ríkisstjórn Íslands ályktar, að verðuppbótin sé þess eðlis að geta valdið eða að hætt sé á, að hún hafi verulegt tjón í för með sér fyrir innlendar atvinnugreinar, sem fyrir hendi eru, eða geti hindrað eða tafið verulega fyrir því, að innlendum atvinnugreinum verði komið á fót.

5. Loforðin í þessu erindi skulu vera í gildi til 1. janúar 1951, og nema því aðeins að önnur hvor ríkisstjórnin hafi tilkynnt hinni skriflega með sex mánaða fyrirvara fyrir þann dag, að hún óski, að þau skuli ganga úr gildi, þá skulu þau halda gildi sínu þangað til sex mánuðir eru liðnir frá því, að slík tilkynning hefur verið gefin.

Ég leyfi mér, háttvirtu sendiherra, að votta yður sérstaka virðingu mína.

**Bjarni Benediktsson.**

Herra sendiherra  
Richard P. Butrick,  
Ameríska sendiráðið,  
Reykjavík.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 5. júlí 1948.*

**Bjarni Benediktsson.**

tion with the Government of the United States of America fails to reach an agreed solution to the problem, it is understood that it would not be inconsistent with the undertaking in point 1 for the Government of Iceland to levy a countervailing duty on imports of such goods equivalent to the estimated amount of such subsidization, where the Government of Iceland determines that the subsidization is such as to cause or threaten material injury to an established domestic industry or is such as to prevent or materially retard the establishment of a domestic industry.

5. The undertakings in this note shall remain in force until January 1, 1951, and unless at least six months before January 1, 1951, either Government shall have given notice in writing to the other of intention to terminate these undertakings on that date, they shall remain in force thereafter until the expiration of six months from the date on which such notice shall have been given.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

**Richard P. Butrick.**

His Excellency  
Bjarni Benediktsson,  
Minister for Foreign Affairs,  
Reykjavík.

*Agnar Kl. Jónsson.*